

Stjórnarfundur KRAFT var haldinn á skrifstofu sambandsins fimmtudaginn 8.september kl. 20.00

Mætt voru: Guðjón, Kári og Gry

Þetta gerðist:

1) Ný félög

- Kraftlyftingadeild UMF Stokkseyrar var stofnað 12.ágúst sl. Stjórn KRAFT fagnar því. Von er á beiðni um aðild að sambandinu á næstu dögum.
- Íþróttafélagið Gróttu er að undirbúa stofnun kraftlyftingadeildar. Í forsvari er Erla Kristín Árnadóttir.

Aðgerð: Guðjón athugar með beiðninni frá Stokkseyri. Gry hefur samband við Gróttu og athugar stöðuna.

2) Lyftingargræjur

Nýja deildin á Stokkseyri hefur óskað eftir að fá að láni bekkinn sem sambandið á í Mosfellsbæ og jafnframt beygjustatíf sem er hjá Breiðablik. Stjórnin hefur ekkert gegn því.

Aðgerð: Guðjón ræðir við forsvarsmenn þessara félaga og gengur frá málinu.

3) Fyrirmyndarfélag.

Kraftlyftingafélag Garðabæjar, Heiðrún, hefur uppfyllt öll skilyrði sem ÍSÍ setur fyrirmyndarfélögum. Alexander Ingi Olsen hefur óskað eftir að viðurkenningin verði afhent í tengslum við formannafund KRAFT.

Aðgerð: Guðjón ræðir við Alexander um hvernig best er að framkvæma þetta

4) Formannafundur að hausti

Ákveðið var að stefna að formannfund 22.október nk. kl. 13.00 – 17.00 og undirbúa hann vel.

Aðgerð: Gry ber dagsetningu undir stjórnarmenn og boðar fundinn sem fyrst

5) Mótaskrá 2012

Frestur til að skrá mót fyrir næsta tímabil rann út 1.september og hafa nokkrar beiðnir borist.

Aðgerð: Gry sendir listann áfram til mótanefndar og stjórnarmanna.

6) Norðurlandasambandið

Fyrirspurn hefur komið frá NPF um hvort Ísland vilji halda Norðurlandamót unglunga 2012. Stjórnin telur það of snemmt og ákveður að halda fast við fyrri ákvörðun um slíkt mót 2013.

Aðgerð: Gry svarar stjórn NPF.

7) Afreksstefna ÍSÍ

Erindi hefur borist frá ÍSÍ þar sem óskað er eftir upplýsingum sérsambanda vegna afreksstefnu og aðstöðu afreksmanna.

Aðgerð: Guðjón svarar bréfinu.

8) KFA

Erfiðleikar eru í stjórn KFA þar sem meirihluti stjórnarmanna hafa hætt störfum. Félagið hefur tekið að sér að halda bikarmót KRAFT í lok november.

Aðgerð: Gry boðar fund með félagsmönnum KFA 22/23 september um hvernig sambandið getur aðstoðað félaginu.

9) Mót erlendis

Júlían J.K. Jóhannesson hefur lokið keppni á HM unglunga

Fannar Dagbjartsson hefur hætt við þátttöku á HM öldunga.

Búið er að skrá Auðunn Jónsson og Maríu Guðbjartsdóttur til keppni á HM í opnum flokki.

Fundi slitið kl. 22.00